

Regluverk um búfjárbæit - sjónarmið matvælaráðuneytis

Til : Ása Þórhildur Þórðardóttir <asa.thordardottir@mar.is>
Frá : Sigurður Eypórsson <sigurdur.eythorsson@mar.is>
Heiti : Regluverk um búfjárbæit - sjónarmið matvælaráðuneytis
Málsnúmer : 2402035
Málsaðili : Matvælaráðuneyti
Skráð dags : 14.02.2024 00:00:00
Höfundur : Sigurður Eypórsson <sigurdur.eythorsson@mar.is>

Viðhengi [Til sveitarfélaga_MAR_feb24.pdf](#)[Til sveitarfélaga_MAR_feb24.pdf](#)

Komið þið sæl

Þessi póstur er sendur til allra sveitarfélaga með afriti til Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga, samkvæmt netfangalista sem birtur er á vef Sambandsins.

Talsverð umræða hefur átt sér stað á vettvangi sveitarfélaga og annarra hagaðila um eftirfylgni með gildandi lagaákvæðum um búfjárbæit (einkum sauðfjár). Ráðherra fundaði með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í ágústlok 2023 þar sem farið var yfir málið. Fyrirspurnir og erindi um málið hafa þó haldið áfram.

Af því tilefni vill matvælaráðuneytið koma viðhengdri samantekt á framfæri við sveitarfélög til að skýra sjónarmið ráðuneytisins í málinu og benda á nokkur atriði sem þau geti hugsanlega gert til að skýra stöðuna á sínu svæði. Samantektin felur ekki í sér nein fyrirmæli, eingöngu upplýsingar og ábendingar sem vonast er til að komi að gagni.

Ljóst er að þetta efni á ekki við öll sveitarfélög, en þar sem ráðuneytið hefur ekki yfirlit um þá stöðu, eru þessi skilaboð send þeim öllum til upplýsinga, með þeim tilmælum að koma þeim á framfæri innan síns stjórnkerfis, þar sem það á við.

Kveðja

Sigurður Eypórsson, sérfræðingur / Special Advisor
Skrifstofa landbúnaðar / Department of Agriculture
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
[www.mar.is](#) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing